

Meistarastig Bridgesamband Íslands

Eftirfarandi reglur gilda frá 1.1.2025

Almennt um meistarastig

Meistarastig eru af þrenns konar toga: gull, silfur og brons. 1 mst = 1 gull = 10 silfur = 100 brons.

Spilurum sem unnið hafa til meistarastiga er skipt upp í átta flokka:

Félagsmeistari, 2 meistarastig, Lauf

Héraðsmeistari, 15 meistarastig, Tígull

Svæðismeistari, 50 meistarastig, Hjarta

Landsmeistari, 150 meistarastig, Spaði

Stórmeistari, 500 meistarastig, S

Gull stórmeistari, 1000 meistarastig, S með Gull

Demants stórmeistari, 2000 meistarastig, S með Demant

Platínu stórmeistari, 3000 meistarastig, S með Platínu

Formenn viðkomandi félaga bera ábyrgð á því að láta BSÍ vita þegar viðkomandi spilari hefur náð nýjum áfanga og skal þá gefa út viðurkenningarskjal.

Skráning og úthlutun meistarastiga.

Meistarastigum Bridgesambands Íslands er úthlutað í opnum keppnum, sem haldnar eru á vegum BSÍ, svæðasambanda eða félaga innan þess samkvæmt þessum reglum:

Bronsstig

Bronsstigum er úthlutað í innanfélagskeppnum samkvæmt reglum sem fylgja hér á eftir. Forráðamenn félaga eru ábyrgir fyrir skilum á skýrslum yfir þessar stigagjafir til BSÍ og skal skila á til þess gerðu formi.

Mikilvægt er að á skýrslunni komi fram fullt nafn spillara. Skiladagar eru tveir á hverju ári, 10. júní og 28. desember.

Silfurstig

Silfurstigum er úthlutað á svæðamótum og sérstökum opnum keppnum á vegum svæðasambandanna eða einstakra félaga. Skilyrði fyrir úthlutun silfurstiga í mótum á vegum einstakra félaga, er að mótið sé öllum opið.

Lágmarksfjöldi para er 12 og ekki skal spila færri spil en 38. Einungis félög innan BSÍ eiga rétt á að halda silfurstigamót, þó ekki oftari en fimm sinnum á hverju ári. Sömu reglur gilda um skil á skýrslum vegna silfurstiga og bronsstiga. Greiðsla fyrir silfurstig skal fylgja skráningarskýrslu hverju sinni og verða ekki stig veitt fyrir en greiðsla hefur borist.

Gullstig

Gullstigum er úthlutað á Íslandsmótum og sérstökum mótum sem meistararastiganefnd samþykkir. Til þess að mót sé gilt til úthlutunar, skal fjöldi spila vera minnst 76.

Almennt um meistarastig

Það gildir almennt að séu þör jöfn í sætum sem gefa meistarastig, skal skipta heildarfjöldanum á milli þeirra. Til að hljóta stig í ákveðnum keppnum verður spilari að hafa spilað minnst helming af spilum í viðkomandi lotu, eða umferð sé um tvímenningskeppni að ræða. Til þess að eiga rétt á uppbótarstigum í sveitakeppni verður spilari að hafa spilað minnst þriðjung leikja í viðkomandi móti. Ef spilaformið er tvímenningsur, þar sem fjöldi para kemur í veg fyrir að öll þörin spili innbyrðis hvert kvöld eða í hverri lotu.

Þegar kemur að uppbótarstigum skal aldrei gefa fleiri þörum/sveitum stig en sem nemur $\frac{1}{4}$ af fjölda para/sveita.

Úthlutunarreglur

1. Tvímenningsur – bronsstig

Bronsstigum er úthlutað samkvæmt töflu 1 eftir fjölda para sem taka þátt í keppninni. Stigum er úthlutað eftir skori hvers kvölds ef um lengri keppni er að ræða og ekki eru veitt uppbótarstig í lok móts.

Reglan er sú að sigurvegari hlýtur bronsstig sem eru 2* fjöldi para. Önnur þör sem eiga rétt á stigum hljóta 2/3 af stigum parsins á undan, (brot úr stigi hækkar upp). Þó aldrei færri en 4 stig.

Þannig hlýtur u.þ.b. fjórðungur þátttakenda stig. Fjöldi bronsstiga er miðaður við það að spiluð séu að minnsta kosti 28 spil.

2. Sveitakeppni – bronsstig

Einn eða tveir leikir á kvöldi (lágmark 24 spil), þá er spilað um 64 bronsstig í hverjum leik. Þ.e.a.s. fyrir unninn leik, 13-7 eða betra, fær sigursveitin 64 stig sem skiptast á milli spilaranna í sveitinni. Ef leikurinn endar með jafntefli fær hvor sveit 32 stig.

Ef spilaðir eru tveir leikir á kvöldi (lágmark 12 spil í leik), er spilað um 32 bronsstig í hverjum leik sem er úthlutað eins og frammar greinir.

Í lok keppinnar er úthlutað uppbótarstigum eftir lokaröð samkvæmt töflu 2

3. Einmenningur – bronsstig

Stigum fyrir einmenningskeppni skal úthluta eftir töflu 3. Lágmarksfjöldi spila skal vera minnst 18 spil. Stigum er úthlutað hvert kvöld eftir árangri.

4. Silfurstig tvímenningur

Reglan er sú að sigurvegari hlýtur silfurstig sem eru jöfn fjölda para. Önnur pör sem eiga rétt á stigum hljóta 2/3 af stigum parsins á undan, (brot úr stigi hækkar upp), þó aldrei færri en 2 stig. Sjá töflu 4.

5. Silfurstig sveitakeppni

Í hverjum leik er spilað um 32 silfurstig og er þá miðað við að spilafjöldi sé minnst 24 spil í leik. Ef spilafjöldinn er minni fækkar stigum í samræmi við það.

Í svæðakeppnum (opinn flokkur) er í lok móts úthlutað verðlaunastigum samkvæmt eftirfarandi og sama regla gildir um landsmót UMFÍ.

1. sæti 42 stig á spilara
2. sæti 30 stig á spilara
3. sæti 21 stig á spilara

6. Silfurstig – Bikarkeppni sveita

1. umferð 1 silfurstig á spilara

2. umferð 2 silfurstig á spilara

3. umferð 3 silfurstig á spilara

4. umferð 4 silfurstig á spilara

Undanúrslit 8 silfurstig á spilara

Úrslit 16 silfurstig á spilara

7. Silfurstig – hraðsveitakeppni

Stigagjöf fer eftir endanlegri röð sveita og er megin reglan sú að sigurvegararnir fá 1 ½ stig fyrir hverja þátttökusveit og ¼ sveitanna hlýtur stig.

8. Gullstig opinn flokkur tvímenningur

1. sæti 28 gullstig á spilara

2. sæti 20 gullstig á spilara

3. sæti 14 gullstig á spilara

4. sæti 10 gullstig á spilara

5. sæti 8 gullstig á spilara

6. sæti 6 gullstig á spilara

7. sæti 4 gullstig á spilara

8. sæti 3 gullstig á spilara

9. sæti 2 gullstig á spilara

10. sæti 1 gullstig á spilara

9. Gullstig aðrir flokkar tvímenningur

1. sæti 10 stig á spilara

2. sæti 7 stig á spilara

3. sæti 4 stig á spilara

4. sæti 3 stig á spilara

5. sæti 2 stig á spilara

6. sæti 1 stig á spilara

10. Gullstig Íslandsmót í sveitakeppni

Í undankeppni er spilað um 6 gullstig í hverjum leik, miðað við 14 spila leiki.

Í úrslitum er spilað um 14 gullstig miðað við 16 spila leiki.

Í lok móts er úthlutað verðlaunastigum samkvæmt eftirfarandi.

1. sæti 28 gullstig á spilara
2. sæti 20 gullstig á spilara
3. sæti 14 gullstig á spilara

11. Gullstig – Íslandsmót í sveitakeppni aðrir flokkar

Spilað er um 2 gullstig í leik og í lok móts er úthlutað verðlaunastigum samkvæmt eftirfarandi.

1. sæti 10 stig á spilara
2. sæti 7 stig á spilara
3. sæti 4 stig á spilara
4. sæti 3 stig á spilara
5. sæti 2 stig á spilara
6. sæti 1 stig á spilara

12. Gullstig bikarkeppni

Veitt eru gullstig fyrir hvern leik og telst sú sveit sem skorað hefur fleiri impa hafa sigrað.

- 64. liða úrslit, 1 gullstig á spilara
- 32. liða úrslit, 2 gullstig á spilara
- 16. liða úrslit, 3 gullstig á spilara
- 8. liða úrslit, 4 gullstig á spilara
- Undanúrslit, 8 gullstig á spilara
- Úrslit, 16 gullstig á spilara

13. Íslandsmót í einmenningi

Gefin eru gullstig fyrir efstu þrjú sætin í hverjum riðli eftir hverja lotu og eru þau eftirfarandi.

1. sæti 3 gullstig

2.sæti 2 gullstig

3.sæti 1 gullstig

Ílok móts er stigum úthlutað samkvæmt eftirfarandi.

1.sæti 10 gullstig á spilara

2.sæti 8 gullstig á spilara

3.sæti 6 gullstig á spilara

4.sæti 4 gullstig á spilara

5.sæti 2 gullstig á spilara

6.sæti 1 gullstig á spilara

14. Reykjavik Bridgefestival

Í sveitakeppni er spilað um 4 gullstig í hverjum leik. Auk þess er uppbót fyrir árangur.

1. sæti 16 gullstig á spilara

2. sæti 14 gullstig á spilara

3. sæti 12 gullstig á spilara

4. sæti 10 gullstig á spilara

5. sæti 8 gullstig á spilara

6. sæti 7 gullstig á spilara

7. sæti 5 gullstig á spilara

8. sæti 3 gullstig á spilara

9. sæti 2 gullstig á spilara

10. sæti 1 gullstig á spilara

Í tvímenningskeppni Reykjavik Bridgefestival er gullstigum úthlutað samkvæmt eftirfarandi.

1. sæti 24 gullstig á spilara

2. sæti 20 gullstig á spilara

3. sæti 16 gullstig á spilara

4. sæti 14 gullstig á spilara

5. sæti 12 gullstig á spilara

6. sæti 10 gullstig á spilara

7. sæti 8 gullstig á spilara

8. sæti 5 gullstig á spilara

9. sæti 3 gullstig á spilara

10. sæti 1 gullstig á spilara

15. Kjördæmamót.

Spilað er um 4 gullstig í hverjum leik miðað við 12 spila leiki.